

GJALDSKRÁ fyrir sorphirðu í Hafnarfjarðarkaupstað.

1. gr.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald.

2. gr.

Sorphirðugjald skal lagt á allar íbúðir sem virtar eru í fasteignamati. Einnig skal sorphirðugjald lagt á aukaibúðir í húsum sem virtar eru í fasteignamati sem óskiptar eignir.

Sorphirðugjaldið er ætlað til að standa undir kostnaði við sorphirðu, sorpeyðingu, urðun sorps, ásamt kostnaði við rekstur endurvinnslustöðva og grenndarstöðva.

Hægt er að óska eftir aukatunnu við hverja íbúð.

3. gr.

Sorphirðugjaldið greiðist til bæjarsjóðs Hafnarfjarðar og skulu gjalddagar þess vera hinir sömu og gjalddagar fasteignagjalda.

4. gr.

Kostnaður vegna sorphirðugjalds*:

		<i>Árgjald kr.</i>
Sorphirðugjald	pr. íbúð	30.600
Aukatunna svört	pr. ígildi 240 l sorptunnu	18.500
Aukatunna blá	pr. ígildi 240 l sorptunnu	9.000

Gjaldskrá þessi er uppfærð í janúar ár hvert m.v. hækkan byggingarvísitölu.

Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtukostnaðar.

5. gr.

Sorphirðugjald skal tryggt með lögveði í viðkomandi fasteign í tvö ár frá gjalddaga.

6. gr.

Þar sem sorphirða fer fram samkvæmt sérstakri þjónustubeiðni skal innheimta sorphirðugjaldsins vera samkvæmt reikningi fyrir sannanlegum kostnaði.

Þar sem sorphirða er sérstaklega flókin og kostnaðarsöm skal heimilt að leggja á aukagjald fyrir sannanlegum kostnaði.

7. gr.

Gjaldskrá þessi, er sett samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

8. gr.

Gjaldskrá þessi var samþykkt í bæjarráði 3. desember 2015 og í bæjarstjórn Hafnarfjarðar 9. desember 2015 og tekur gildi 1. janúar 2016.

Jafnframt fellur fyrri gjaldskrá nr. 14/2015 úr gildi.

Hafnarfjörði, 11. desember 2015.

Haraldur L. Haraldsson bæjarstjóri.